

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Þingeyjarsveit.

1. gr.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjöld) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Íbúðir	6.000 kr.
Sumarhús	3.000 kr.

Fyrirtæki:

a)	10.000 kr.
b)	25.000 kr.
c)	50.000 kr.
d)	80.000 kr.
e)	150.000 kr.

Landbúnaður – sorpgjöld lögbýla:

f)	2.500 kr.
g)	5.000 kr.

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 8. gr. samþykktar nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar og staðfest á fundum hennar þann 20. febrúar og 10. apríl 2003.

Þingeyjarsveit, 30. júlí 2003.

Jóhann Guðni Reynisson sveitarstjóri.